

Matvælastofnun
Austurvegi 64
800 Selfoss

Reykjavík, 17. apríl 2023
UST202206-106/A.P.
08.12.01

Ákvörðun um útgáfu starfsleyfis fyrir landeldi - Bleikja ehf.

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Bleikju ehf. vegna starfsleyfis til landeldis að Laugum í Landsveit.

Stofnunin hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir rekstaraðila fyrir eldi á laxfiskum með allt að 100 tonna lífmassa á hverjum tíma.

Starfsleyfið byggir á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Starfsleyfið öðlast gildi við afhendingu til rekstraraðila og gildir starfsleyfið til 17. apríl 2039. Hjálagt er starfsleyfið ásamt greinargerð vegna útgáfu þess.

Virðingarfyllst,

Sverrir A. Jónsson

teymisstjóri

Agnes Þorkelsdóttir

sérfræðingur